

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnars **23**  
Jacobson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-**29. mars**  
ráðherranum 29. mars 1922. Skipulagsskráin er þannig:

## **Skipulagsskrá**

fyrir

### **Minningarsjóð Gunnars Jacobson.**

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Gunnars Jacobson“, og er stofnaður í minningu Gunnars Jacobson, sem andaðist í Reykjavík 26. febrúar 1921.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfjelaginu „Hringurinn“, myndaður af gjöfum frá fjelagskonum og fleirum með 1016 krónum, og með 1000 króna gjöf frá formanni sama fjelags, Kristínu Vídalín Jacobson, eða samtals 2016 krónum.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að hjálpa ungum piltum berklaveikum, sem átt hafa heimili samfleytt í 10 ár í Reykjavík, og ekki hafa þegið sveitarstyrk.

#### 4. gr.

Stofnfje það, sem um er getið í 2. grein, skal leggjast í Söfnunarsjóð Íslands, og skal helmingur rentna jafnan leggjast við höfuðstól, en í hinn helmingurinn gengur til hjálpar, sem segir í 3. grein. Gjafir og áheit til sjóðsins leggist við höfuðstól. Sjóðurinn veitir fyrstu styrkveitingu 1923.

#### 5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3ja manna stjórn, formanni kvenfjelagsins „Hringurinn“, sem er sjálfkjörinn, og tveir sem fjelagið kýs. Hætti fjelagið að starfa, skal stjórnarráðið tilnefna eina konu, bæjarstjórn aðra og sóknarnefnd hina þriðju í stjórn sjóðsins.

#### 6. gr.

Verði berklaveikinni algerlega útrýmt á landi hjer, eða lækningar og varnir gegn henni alveg kostaðar af ríkissjóði Íslands, skal rentum þessa sjóðs

**23** varið til hjálpar fátaekum, ungum piltum, sem sýkst hafa af öðrum sóttnæmum  
29. mars sjúkdómum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum sjóðsins fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert, og senda þá endurskoðendum sjóðsins, sem kosnir eru með sama hætti og stjórn hans, af kvenfjelinu „Hringurinn“.

**24** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð fyrir góða  
6. apríl meðferð á búpeningi í Mosvallahreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. apríl 1922. Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir

### **Verðlaunasjóð fyrir góða meðferð á búpeningi í Mosvallahreppi.**

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður fyrir forgöngu Jóns Guðmundssonar á Veðrará ytri, með samskotum á aðalfundi Búnaðarfjelags Mosvallahrepps, sem haldinn var í Hjarðardal ytri föstudaginn 6. febrúar 1920.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 100 — eitt hundrað krónur — sem ávaxta skal í sparisjóði eða banka, þar sem víska er fyrir að sjóðurinn sje jafnan áreiðanlega tryggður.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka skal hann með því, að bæta við hann árlega vöxtunum, gjöfum til hans og öðrum óvissum tekjum, þar til hann er orðinn að upphæð 500 kr. Þegar sjóðurinn hefir náð þessari upphæð, má fyrst fara að veita verðlaun úr honum; þó skal halda áfram að bæta við hann  $\frac{1}{4}$  vaxtanna og þar að auki því af vöxtunum, sem ekki verður varið